

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 800 26. október 2000,
um góðar starfsvenjur við rannsóknir.

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu. Hún byggir á ákvæðum samnings um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka, XV. kafla, 8. tölul., tilskipun 87/18/EBE um samhæfingu ákvæða í lögum og stjórnýslu-
fyrirmælum um beitingu meginreglna varðandi góðar starfsvenjur við rannsóknir og sannprófun á beitingu þeirra vegna prófana á efnum með áorðnum breytingum í tilskipun 99/11/EB og 9. tölul. tilskipunar 88/320/EBE um skoðun og sannprófun á góðum starfs-
venjum við rannsóknir ásamt tilskipun 90/18/EBE um aðlögun að tækniframförum í viðauka við tilskipun ráðsins 88/320/EBE með áorðnum breytingum í tilskipun 99/12/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Jafnframt er úr gildi felld eldri reglugerð sama efnis nr. 442 31. júlí 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 11. desember 2000.

F. h. r.

Porgeir Örlygsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

8. desember 2000

Nr. 883

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016,
athafnasvæði við Vesturlandsveg og Suðurlandsveg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að athafnasvæði við vegamótin er stækkað um 2 ha til suðurs inn á útivistarsvæði til sérstakra nota. Austurendi athafnasvæðisins minnkar en útivistarsvæði til sérstakra nota stækkar sem því nemur. Lega stofnstíga og reiðstíga um útivistarsvæði til sérstakra nota er breytt. Stofnstígur sem lá eftir hitaveitustokk sunnan Vesturlandsvegur er færður norður fyrir Vesturlandsveg. Á hluta breytingarsvæðisins hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum, sbr. úrskurð skipulagsstjóra ríkisins frá 17. febrúar 1999.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki í borgarráði Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2000.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.